



Fundargerð stjórnar

13. fundur

Minnisblað um vinnufund:

Miðvikudaginn 20. ágúst 2008 var haldinn vinnufundur í stjórn byggðasamlagsins að Fíflholti á Mýrum og í Kirkjuferjuhjálegu í Ölfusi. Vinnufundurinn var fólgin í skoðunar og fræðsluferð. Í ferðinni voru stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson, Vignir Kjartansson og Magnús B. Jónsson. Auk þess var Sævar Sigurðsson á Sölvabakka í för og í Reykjavík bættist Gunnar Svavarsson, verkfræðingur hjá Línuhönnun í hópinn.

1. Fíflholt á Mýrum

Í Fíflholti á Mýrum er rekinn urðunarstaður fyrir Vesturland allt frá Reykhólum að Hvalfjarðarbotni. Sorpstöðin er rekin af SSV og framkvæmdastjóri SSV Hrefna B. Jónsdóttir er jafnframt framkvæmdastjóri Sopruðunar Vesturlands hf. Rekstur sorpurðunarinnar hefur nýlega verið tekin úr höndum einkaaðila þar sem rétt þótti að tryggja að sami aðili væri ekki alfarið kaupandi og seljandi þjónustunnar en sveitarfélögin þegar upp væri staðið greiðandi. Jörðin Fíflholt er í eigu sveitarfélaganna.



Umsjónarmaður urðunarstaðarins, Þorsteinn Eyþórsson tók á móti hópnum og lýsti verkferlum og aðstæðum. Inn á urðunarstaðinn koma eingöngu bílar með sorp frá þeim sem hafa starfsleyfi til sorphreinsunar. Hver bíll er veginn á bílvog og koma bílstjórar inn í gæsluhúsið og skrá farminn. Úti á urðunarsvæðinu er sorptroðari sem jafnar úr og treður það sem kemur til urðunar. Tekið er á móti öllum úrgangi. Þar með talið sláturúrgangi, sem reyndar er ekki verulegur.

Breidd urðunarskurðar sem er í notkun er um 30 m og dýpi er ca 6 m. Landið er hækkað um 3-4 m með því að nota uppmokstur í hliðarmanir til hækkunar. Til hliðar við urðunarsvæði sem er í notkun var verið að taka nýja gryfju sem er ca. 60 m á breidd og um 500 m á lengd. Urðunarskurðurinn hafði verið grafinn of djúpt þannig að sigvatn hafði verið til vandræða og því hafði dekkjakurli verið jafnað í botninn til að mynda dren.

Talsvert var af haugsettu timburkurli á svæðinu sem var nýtt til skjóls en var ætlað til að jafna yfir sorpið í lok dags til að hefta fok og verjast vargfugli. Timburkurlið setti dálítið sóðalegan svip á svæðið sem annars var vel umgengið þar sem í því var mikið af plasti og öðrum aukaefnum. Ekki virtist vera mikið fok út af svæðinu og Þorsteinn fullyrti að fok væri almennt ekki vandamál þótt auðvitað þurfi bæði að gæta að veðri og tína upp ef eitthvað



sleppur. Þeir væru einning að gera tilraunir með grindur til að hefta fok þegar losun fer fram.

Á svæðinu er mýrarjarðvegur sem gerir svæðið að hluta til erfiðara því flytja þarf malarefni inn á það til að hylja yfir þegar urðun er komin í fulla hæð og til að gera fært um það. Malarefnið er hins vegar leirblandað og því dálítið rokgjarnt. Urðunarsvæðið hefur verið í notkun frá 1998 og hefur land verið hækkað á talsverðu svæði á vinnslutímanum. Grasfræi hefur verið sáð í þá hluta sem eru fullfrágengnir en gróður hefur ekki náð að þekja yfir það að enn.



2. Kirkjuferjuhálega í Ölfusi.

Í sorpstöð Suðurlands tók Guðmundur Tr. Ólafsson á móti hópnum sem hafði stækkað því Gunnar Svavarsson hafði bæst í hópinn í Reykjavík.

Í Kirkjuferjuhálegu er rekinn urðunarstaður fyrir sveitarfélög á Suðurlandi og er land sem notað er til urðunar tekið á leigu frá ríkinu.



Byggðasamlagið Sorpstöð Suðurlands er í eigu 13 sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum og var stofnað 1981. Hlutverk stöðvarinnar er að annast sorpmóttöku og sorpförgun fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu. Sveitarfélögin hvert um sig sjá síðan um rekstur gámasvæða og sorphirðu.

Á vegum Sorpstöðvarinnar í Kirkjuferjuháleigu fer eingöngu fram urðun á sorpi. Allt sorp sem inn á svæðið kemur er vigtað og

greiða viðskiptavinir stöðvarinnar, sem fyrst og fremst eru sveitarfélögin auk nokkurra fyrirtækja, í samræmi við magn og tegund úrgangs en gjaldskrá var sett um leið og vigtun hófst í byrjun árs 1996. Engin almenn umferð er leyfð inn á svæðið. Almennungur verður að fara með rusl, sem ekki er sótt heim, á gámasvæðin eða í staka gáma sem sveitarfélögin hafa komið fyrir víðs vegar.

Móttekið sorp árið 2003 var 16.688 tonn. Þar af komu tæplega 13.000 tonn frá sveitarfélögum. Sigvatn af urðunarsvæðinu er leitt með frárennsli í gegnum sérstök hreinsimannvirki þannig að ekki valdi tjóni fyrir náttúruna. Sigvatnið er mælt og efnagreint og fylgst með því að efni séu innan tilskilinna marka. Við daglega starfssemi er einnig vel fylgst með að önnur ákvæði starfsleyfisins séu haldin svo sem að spilliefni fari ekki til urðunar, fuglum og meindýrum sé haldið í skefjum, vinnusvæði sé hulið í lok hvers dags, að lykt og önnur óþægindi séu í lágmarki. Mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu Sorpstöðvarinnar að umhverfið sé sem snyrtilegast og umgengni góð.



Guðmundur greindi frá því að urðun á svæðinu verði hætt á næsta ári því ákvörðun hafi verið tekin um að loka svæðinu m.a. af skipulagsástæðum. Samkvæmt samningi Sorpstöðvar Suðurlands og Sveitarfélagsins Ölfuss á að hætta urðun í Kirkjuferjuháleiga 1. des. 2008 en möguleiki er á framlengingu um eitt ár, þ.e. til 1. des. 2009, ef undirbúningur og framkvæmdir vegna nýrra lausna verða vel á veg komnar á þessum tíma. Í vinnslu séu hugmyndir um að

byggja stóra brennslustöð í Álfsnesi sem muni þjóna Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi.



Norðurá bs
Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.

Almennt kom urðunarstaðurinn vel fyrir, var vel um gengin og sú hækkun á landi sem hefur verið gerð fer ekkert sérstaklega illa í landinu. Umhverfis svæðið eru fokgirðingar og þar fyrir utan ræktuð skjólbelti sem taka í sig nánast allt fok. Urðunin er unnin með svipuðum hætti og í Fíflholtum en í stað timburkurlinsins er meira notað svokallað tróð sem kemur úr innréttingum á bílum húsgögnum og slíku. Tróðið er fíngerðara og líkara mold. Uppgræðsla á svæðinu var með ágætum og frágengin svæði orðin vel gróin.



3. Fundur með Lúðvík E. Gústafssyni

Í Borgarnesi settust stjórnarmenn ásamt Sævari á fund með Lúðvík sem var að fara um svæðið og hafði mælt sér mót við stjórnina þar. Á fundinum var farið yfir hvaða verkefni séu á döfinni hjá Norðurá bs. og greint frá stöðu mála hvað varðar nýjan urðunarstað fyrir svæðið. Einnig rætt um verkefni dagsins og hvernig þau svæði hafi komið fyrir sem til skoðunar voru. Lúðvík sem starfar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að hagsmunagæslu í úrgangsmálum taldi rétt að koma á viðræðum við fulltrúa sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu til að kanna hvort einhverjir samstarfsfletir væru sem gætu orðið hagkvæmir. Samþykkt að hann kannaði vilja fyrir slíkum fundi í Eyjafirði.

Gunnar Bragi Sveinsson

Vignir Kjartansson

Magnús B. Jónsson